



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1832
komudagur 20.4.2012

Húsavík, 19. apríl 2012
nr. erindis 201204001

Á 43. fundi bæjarráðs Norðurþings var tekið fyrir neðangreint erindi.

Atvinnuveganefnd Alþingis, 658. mál til umsagnar, frumvarp til laga um veiðigjöld

Fyrir bæjarráði liggur til umsagnar mál nr. 658 frá Atvinnuveganefnd Alþingis, frumvarp til laga um veiðigjöld.

Bæjarráð samþykkti að gera sameiginlega, tillögu að ályktun, fjölda sveitarfélaga og fulltrúa þeirra, vegna frumvarps til laga um veiðigjald, að sinni.

Ályktunin er eftirfarandi:

Við undirrituð vörum Alþingi sterklega við því að samþykkja fyrirliggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Greinargerð óháðra sérfræðinga, sem fylgir frumvörpunum og sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landsbúnaðarráðuneytisins, ætti að hvetja löggjafann að staldra við og ígrunda gaumgæfilega áhrif lagasetningarinnar á rekstur og afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og á sjávarbyggðir landsins.

Sérfræðingarnir búast við „umhleypingum á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum“ og segja að áformuð lagasetning muni verða „mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja“. Enn fremur að hækkun veiðigjalds muni án efa „kippa stoðum undan skuldsettari útgerðarfyrirtækjum.“

Þá benda sérfræðingarnir á að byggðaaðgerðir frumvarpsins séu „ólíklegar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að“, enda skorti enn þann „langtímastöðugleika sem getur skapað grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum“.

Undirritaðir telja að þessi varnaðarorð, sem fylgja frumvörpunum, séu meira en næg ástæða fyrir alþingismenn til að leggja málin til hliðar frekar en að stuðla að því að lögfesta þau og stuðla þannig að „umhleyplingum“ með alvarlegum afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki í sjávarbyggðum landsins, m.a. mögulegri lækkun launa sjómanna og fiskverkafólks, lækkunar útsvarstekna sveitarfélaga, minni fjárfestingagetu sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni og þar með en minni atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni en nú er.


Við slíkt verður ekki unað.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Norðurþings



NORÐURÞING


Guðbjartur Ellert Jónsson
Fjármálastjóri – staðgengill bæjarstjóra
Norðurþing - Húsavík